

Hvað er Ganirelix Gedeon Richter og til hvers er það notað?

Ganirelix Gedeon Richter er notað til að koma í veg fyrir ótímabæra aukningu gulbúsörvandi hormóns (LH) sem getur valdið ótímabæru egglosi hjá konum sem gangast undir tæknifrjvgun.

Nota á Ganirelix Gedeon Richter áfyllta sprautu með fastri nál til að sprauta í fitulag undir húð, samkvæmt lyfseðli læknis eða hjúkunarfræðings. Blandið ekki Ganirelix Gedeon Richter saman við önnur lyf.

Sprautið lyfinu á nokkurn veginn sama tíma og eggbússtýrihormóninu (FSH).



Notkun Ganirelix Gedeon Richter


Takið ávallt Ganirelix Gedeon Richter samkvæmt lyfseðli læknis eða hjúkunarfræðingi.

Undirbúningur sprautunar

1

Lesið bæklinginn vandlega. Þvoið hendurnar og takið áfylltu sprautuna úr umbúðunum. Haldið á sprautunni í miðjunni. Gangið úr skugga um að lausnin í sprautunni sé tær og án agna. Litlar loftkúlur kunna að sjást en þær þarf ekki að fjarlægja. Haldið sprautunni láréttri þannig að nálin vísi frá þér og togið nálarlokið af.

Athugið: *Snúið ekki nálarlokini af!*



Inndæling skammtar

2

Sprautið vökvanum (algengast í maga) undir húð, þ.e. í fitulagið undir húðinni, samkvæmt leiðbeiningum læknis eða hjúkunarfræðings. Klípið húðina létt saman á þeim stað sem sprauta á og stingið nálinni í. Ýtið stimplinum hægt en ákveðið alla leið niður þar til sprautan er tóm. Bíðið í 5 sekúndur, sleppið takinu á húðinni og dragið nálinu út.



Eftir inndælingu: Til þess að forðast stungusár skal ekki setja lokið aftur á nálinu.

Fargið notaðri nál með öruggum og réttum hætti í nálabox og farið með það í apótek. Spurðu lyfjfræðing um hvernig eigi að farga lyfjum sem þú notar ekki lengur.



Hvernig á að geyma Ganirelix Gedeon Richter?

Setjið ekki í frysti. Geymið við stofuhita í upprunalegum umbúðum. Viðkvæmt fyrir ljósi.

Ef þú gleymir að nota Ganirelix Gedeon Richter

Ef skammtur gleymist skal taka hann eins fljótt og hægt er. Takið ekki tvöfaldan skammt til að bæta upp fyrir skammt sem gleymist. Hafðu samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef þú ert ekki viss.

Lesið bæklinginn vandlega áður en þú notar Ganirelix Gedeon Richter



GEDEON RICHTER

Barnhusgatan 22, 111 23 Stockholm, Sweden.

